



TILLAGA

Tillaga um stofnun stýrihóps sem setji fram tillögur að heildstæðari nálgun í vinnu gegn ofbeldi sem beinist að börnum og ungu fólki

Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að vísa niðurstöðum starfshóps um kortlagningu á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi, til borgarráðs. Jafnframt er óskað eftir að borgarstjóri stofni stýrihóp sem hafi það hlutverk að móta tillögur gegn ofbeldi sem beinist að börnum og ungu fólki.

Greinagerð:

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 4. mars sl. tillögu um að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Í framhaldi myndi ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verði heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skyldi horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áhersla verði lögð á að fagfólk fari fyrir inn í aðstæður og veiti stuðning strax. Horft verði til verklags „Saman gegn ofbeldi“ í skipulagi vinnunnar.

Til þess að vinna kortlagninguna setti mannréttindaráð á fót tímabundinn starfshóp. Hann fékk það verkefni að taka saman upplýsingar um aðgerðir gegn ofbeldi sem borgin hefur unnið að. Starfshópurinn skilaði sinni vinnu, sem var lögð fram á fundi mannréttindaráðs þann 15. maí sl..Kortlagningin var unnin af fulltrúum allra miðstöðva, fulltrúa frá skóla- og frístundasviði, barnavernd og forvarnarfulltrúa Reykjavíkurborgar en vinnan var leidd af fulltrúa mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Með fulltrúum víðsvegar að úr borginni fékkst gott yfirlit yfir alla þá vinnu sem borgin er að sinna í vinnu gegn ofbeldi. Þessar upplýsingar eru bæði upplýsandi fyrir kjörna fulltrúa, almenning og annað fólk sem hefur áhuga á vinnu gegn ofbeldi og ofbeldisvörnum. Kortlagningin gagnast jafnframt við að setja fram tillögur um heildstæða nálgun í tengslum við ofbeldi gegn börnum og ungu fólki.

Til að vinna tillögur um heildstæða nálgun í vinnu gegn ofbeldi er beinist að börnum og ungmennum þarf að nýta sérþekkingu þeirra sem gleggst til þekkja og eru að sinna þjónustu við þennan hóp. Þess vegna er lagt til að settur verði á fót stýrihópur með þeim aðilum ásamt kjörnum fulltrúa eða fulltrúum. Með þeim hætti er tryggt að lögð sé áhersla á það sem mikilvægast er, einnig að aðilar frá ólíkum stofnunum innan borgarinnar rýni saman hvað þarf að gera, hvaða áherslubreytingar þurfi að vera og hvernig samvinnu geti verið háttáð. Þessi hópur setji fram tillögur um samráð og aðgerðir sem gagnast börnum og ungmennum best. Þær tillögur sem kalla á aukin útgjöld séu kostnaðarmetnar og fáir hópurinn aðstoð innan borgarinnar til að meta kostnað.

